



Kennsluáætlun fyrir skólaárið 2025 - 2026

Námsgrein: Stapamix

Árgangur: 5.-7. bekkur

Kennari: Erla Þórey Ólafsdóttir

Netfang: erla@klaustur.is

Almennt um kennsluna

Nemendur á miðstigi fá 6 kennslustundir á viku í Stapamixi.

Námsaðlögun:

Í öllum tilvikum þar sem nemendur eru með sértæka námsörðugleika er sett upp einstaklingsnámskrá. Ef um vægari frávik er að ræða er kappkostað að leggja nemendum til bjargir við námið í öllum námsgreinum ef þurfa þykir, s.s. að nýta upplýsingatækni í meira mæli og val á námsefni / námsgögnum þjóni sem best einstaklingsmiðuðu námi.

Hæfniviðmið

Hæfniviðmið fyrir Stapamix eru tekinn úr náttúrufræði, samfélagsfræði, íslensku og upplýsingamennt

Skipulag kennslunnar

Nemendur í 5.-7. bekkjar fá 6 kennslustundir á viku í Stapamixi þar sem samfélagsfræði, náttúrufræði, íslenska og upplýsingamennt eru samþættar. Verkefnin eru skipulögð í þemum og eru verkefnin misstór og unnin eftir ólíkum leiðum.

Þemu árið 2025-2026

1. Upphaf Íslandsbyggðar og fólk á flóttu
2. Reikistjörnur
3. Trúarbrögð heimsins
4. Vísindasmið

Námsmat

Námsmat mynda eina heild. Leitast er við að hafa námsmatið fjölbreytt og að það endurspegli sem best færni nemenda á ólíkum sviðum. Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið á hæfnikorti nemenda sem aðgengilegt er nemendum og foreldrum í mentor. Lögð verður áherslu á leiðsagnarmat sem byggist á því að nemendur velti reglulega fyrir sér námi sínu með kennurum sínum, til að nálgast eigin markmið og ákveða hvert skal stefna.

Kennsluskipulag: með fyrirvara um breytingar

1. Upphaf Íslandsbyggðar og fólk á flóttu

Tímabil: ágúst-nóvember
Námsefni: Víkingaöld
Sögueyjan 1. hefti
Ýmsar bækur um sögu Íslands og ásatrú
Netið

Lýsing á verkefni:

Í verkefninu verða skoðaðir nokkrir þekktir landnámsmenn ásamt skipum þeirra og farangri. Fjallað verður um ástæður þess að þeir yfirgáfu Noreg, hvernig þeim tókst að rata til Íslands og hvaða hættur eða atvik gætu hafa orðið á leiðinni. Einnig verður athugað hvernig landið fékk nafnið Ísland, hver trúarbrögð landnámsmanna voru og hvernig daglegt líf mótaðist í nýju landi. Að lokum verður dregin hliðstæða við samtímann þar sem rætt er um flóttamenn í heiminum í dag, ástæður þess að fólk neyðist til að yfirgefa heimili sín og hvernig það reynir að finna sér nýtt skjól og framtíð, rétt eins og landnámsmenn gerðu forðum.

Hæfniviðmið:

Samfélagsfræði:

- aflað sér upplýsinga um samfélagsleg málefni úr textum, hljóð- og myndefni, umorðað og nýtt til umfjöllunar,
- sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum,
- fjallað um og greint persónur, atburði, tímabil, tildrög og gang sögunnar,
- gert sér grein fyrir fjölbreytileika fjölskyldna og margvíslegum hlutverkum innan þeirra á ólíkum tímum,
- rætt stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og skyldur og mikilvægi mannréttinda og jafnréttis í samfélaginu og á heimsvísu og þekki vel til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna,

Íslenska:

- Samið fræðitexta á 4. þrepi

Upplýsingamennt:

- nýtt skólasafn til þekkingaröflunar í stýrðu námi og á eigin forsendum til gagns og ánægju,
- nýtt leitarvél, gervigreind og önnur verkfæri á siðferðilega ábyrgan hátt til upplýsingaöflunar,
- nýtt hugbúnað við uppsetningu ritunarverkefna samkvæmt viðmiðum um uppsetningu og frágang

2. Reikistjörnur

Tímabil: nóvember-janúar

Námsefni: Náttúrulega 2 bls. 78-111

Náttúrulega 2 verkefnabók bls. 52-61

Söguramminn reikistjörnur

Bækur um stjörnufræði á bókasafni

Net

Lýsing á verkefni:

Í þessu verkefni ætlum við að kanna sólina, reikistjörnurnar og tunglið. Nemendur vinna saman í hópum að fjölbreyttum skapandi verkefnum, þar sem meðal annars verða hannaðar geimverur sem búa á reikistjörnum, farartæki til ferða um geiminn og safnað upplýsingum um mismunandi fyrirbæri. Einnig verður skoðaður gangur tunglsins og sólar og hvernig það hefur áhrif á lífið hér á jörðinni.

Hæfniviðmið:

Náttúrufræði

- lesið náttúruvísindatexta sér til gagns og endursagt með eigin orðum, túlkað myndrit og skoðað myndefni um náttúrufræði, umorðað og nýtt til útskýringa,
- útskýrt árstíðirnar og dægraskipti út frá stöðu jarðar í sólkerfinu
- lýst gangi tunglsins um jörðina,
- gert grein fyrir uppbyggingu sólkerfisins
- gert grein fyrir staðsetningu jarðarinnar í vetrarbrautinni.

Íslenska:

- Samið fræðitexta á 4. þrepi (5. og 6. Bekkur)
- Samið fræðitexta á 5. þrepi (7. Bekkur)

Upplýsingamennt:

- nýtt skólasafn til þekkingaröflunar í stýrðu námi og á eigin forsendum til gagns og ánægju,
- nýtt leitarvélar, gervigreind og önnur verkfæri á siðferðilega ábyrgan hátt til upplýsingaöflunar,
- nýtt hugbúnað við uppsetningu ritunarverkefna samkvæmt viðmiðum um uppsetningu og frágang